

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 61/2000

frá 28. júní 2000

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis mál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2000 frá 18. apríl 2000⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/45/EB frá 17. desember 1999 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir þvottavélar⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/40/EB frá 16. desember 1999 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir ísskápa⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 141, 15.6.2000, bls. 59 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 27, 15.6.2000, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 16, 21.1.2000, bls. 73.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 13, 19.1.2000, bls. 22.

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað textans í lið 2c (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/461/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„ **32000 D 0045**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/45/EB frá 17. desember 1999 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir þvottavélar (Stjtið. EB L 16, 21.1.2000, bls. 73).“

2. gr.

Eftirfarandi komi í stað textans í lið 2el (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/703/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„ **32000 D 0040**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/40/EB frá 16. desember 1999 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir ísskápa (Stjtið. EB L 13, 19.1.2000, bls. 22).“

3. gr.

Texti ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 2000/45/EB og 2000/40/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 29. júní 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(*) Engin stjórmsýsluleg skilyrði tilgreind.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. júní 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

F. Barbaso

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner